

Skipulagsfulltrúi uppsveita Árnessýslu
Dalbraut 12
840 Laugarvatn



Reykjavík 13. september 2016
UST201608-063/K.S.J.
10.04.03

Efni: Lýsing. Tillaga að breytingu á deiliskipulagi á aðkomu að Þingvallabjórðgarði í landi Brúsastaða og Svartagils.

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa uppsveita Árnessýslu er barst 15. ágúst sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um lýsingu tillögu að breytingu á deiliskipulagi aðkomusvæðis sk. Hakið.

Skipulagssvæðið

Svæði það er lýsingin á við er aðkomusvæði að Þingvallabjórðgarði í landi Brúsastaða og Svartagils, við hið svokallaða Hak.


Viðfangsefni breytingatillögu


Í lýsingu kemur fram að viðfangsefni breytingartillögu eru stækkun bílastæða og breyting á fyrirkomulagi þeirra, að lóð og byggingarreitur starfsmannahúss verða stækkuð, að gert er ráð fyrir lóðum og byggingarreitum fyrir tvær nýjar salernisbyggingar og að áætluð er lóð og byggingarreitur fyrir litla spennistöð. Einnig kemur fram að gert er ráð fyrir að frárennsli fari í safntanka þar til framtíðarlausn verði fundin fyrir frárennismál á svæðinu.

Umhverfismat áætlana

Þær framkvæmdir sem gert er ráð fyrir í þeirri breytingartillögu er lýsingin á við, eru viðbótarframkvæmdir á svæði þar sem nú þegar eru bílastæði og aðstaða fyrir ferðamenn. Umhverfisstofnun gerir ekki athugasemd við áætlaðar stækkanir en bendir á að mikilvægt er að sjónræn áhrif af svo stóru bílastæði verði skoðuð. Umhverfisstofnun tekur undir þá áætlun að skilja eftir óraskaðan hól milli núverandi bílastæðis og þess nýja. Nýju bílastæðin eru áætluð alls 285 bílastæði í einu flæmi með grænum rennum á milli. Að mati stofnunarinnar er afar mikilvægt að brjóta bílastæðin upp eins og kostur er.

Virðingarfyllst


Kristín S Jónsdóttir
Sérfræðingur


Svava Pétursdóttir
Lögfræðingur